**SKÝRINGAR**

**LANDNOTKUN**

- Sveitarfélagsmörk
- Þéttbýlismörk
- Vaxtarmörk þéttbýlis
- Íbúðarbyggð (ÍB)
- Miðsvæði (M)
- Verslun og þjónusta (VÞ)
- Samfélagsþjónusta (S)
- Athafnasvæði (AT)
- Iðnaðarsvæði (I)
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)
- Frístundabyggð (F)
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)
- Íþróttasvæði (ÍÞ)
- Kirkjugarðar og grafreitir (K)
- Opin svæði (OP)
- Flugvellir (FV)
- Hafnarsvæði (H)
- Landbúnaðarsvæði (L)
- Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)
- Óbyggð svæði (ÓB)
- Vötn, ár og sjór (V)
- Strandsvæði (ST)
- Helgunarsvæði raflínu (loftlína)
- Friðlýst svæði (FS)
- Önnur náttúruvernd (ÖN)
- Hverfisverndarsvæði (HV)
- Náttúruvá (NV)
- Friðlýstar fornminjar
- Friðlýstar byggingar
- Vatnsbólasvæði (VB)
- Vatnsvernd, grannsvæði
- Vatnsvernd, fjarsvæði
- Öryggissvæði flugvallar

**ÞJÓNUSTUKERFI**

- Stofnvegur
- Tengivegur
- Aðrir vegir og götur
- Vegir í náttúru Íslands
- Göngu- og/eða hjólaleið
- Reiðleið
- Útivistarleið
- Flutningslína rafveitukerfis (loftlína)
- Flutningslína rafveitukerfis (loftlína) sem hverfur á skipulagstímabilinu
- Flutningslína rafveitukerfis (loftlína) sem fer í jörð á skipulagstímabilinu
- Flutningslína rafveitukerfis (jarðstrengur)
- Aðveitulögn hitaveitu
- Aðveitulögn vatnsveitu
- Útrás fráveitu
- Fallpípa
- Metanlögn
- Dælustöð fráveitu

**ALMENNAR SKÝRINGAR**

- Hæðarlínur (20 m)
- Byggingar




GILDANDI AÐALSKIPULAG, ÖÐLAÐIST GILDI 14.05.2018




BREYTT AÐALSKIPULAG

# AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2018-2030

## Breyting á aðalskipulagi: Breyting nr. 5: Glerárskóli við Höfðahlíð

Bæjarstjórn Akureyrar leggur til að Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 verði breytt á eftirfarandi hátt:

Reitur fyrir samfélagsþjónustu S27 stækkar um 1,0 ha til vesturs, úr 3,6 ha í 4,6 ha. Svæðið sem stækkunin nær til liggur vestan svæðis samfélagsþjónustu (S27) og afmarkast af Drangshlíð að vestan, svæðis samfélagsþjónustu (S27) að austan, Höfðahlíð að sunnan og íþróttasvæðis Þórs (ÍÞ5) að norðan. Umrætt svæði er 1,0 ha og er svæðið í gildandi aðalskipulagi skilgreint sem óbyggð svæði (ÓB).

Með stækkun svæðisins verður mögulegt í deiliskipulagi að gera ráð fyrir byggingarreit fyrir nýja viðbyggingu leikskóla sem áætlað er að verði sambyggður við núverandi byggingar Glerárskóla. Gert er ráð fyrir að aðkoma inn á svæðið verði að hluta til frá Drangshlíð og er þar m.a. gert ráð fyrir bílastæðum vegna starsemi leikskólans. Bílastæði þessi verður einnig mögulegt að nýta vegna viðburða á íþróttasvæði Þórs.

**Breyting á skipulagsuppdrætti**

Svæði samfélagsþjónustu S27 stækkar til vesturs um 1,0 ha og verður eftir breytingu 4,6 ha.

**Breyting á greinargerð**

Breyting verður á töflu yfir samfélagsþjónustu í greinargerð þar sem samfélagsþjónusta S27 stækkar um 1,0 ha og verður eftir breytingu 4,6 ha. Þá eru sett skipulagsákvæði vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar.

| Merking | Heiti | Svæði | Stærð ha | Lýsing og sérákvæði reita |
|---|---|---|---|---|
| S27 | Höfðahlíð | Hlíðahverfi | 4,6 | Grunnskóli og leikskóli. Á svæðinu er þegar gunnskólinn Glerárskóli en gert ráð fyrir að leikskóli verði byggður upp á svæðinu og að hann verði mögulega sambyggður Glerárskóla. Í deiliskipulagi verða m.a. gerðar kröfur um ásýnd mannvirkja, frágang umhverfis og umgengni á svæðinu.<br>Hönnun og frágangur á svæðinu skal miða að því að mannvirki falli vel að umhverfinu og lögð er áhersla á að klappir á svæðinu verði fyrir sem minnstu raski. Uppbygging skv. deiliskipulagi. |

**Umhverfisáhrif**

Svæðið sem stækkunin nær til er í dag skilgreint sem óbyggð svæði (ÓB). Svæðið er hálfgróið klapparholt en þar sem mun stærri óbyggð svæði eru í næsta nágrenni umhverfis Glerá er ekki talið að það hafi verulega neikvæð umhverfisáhrif að svæðið verði skilgreint sem samfélagsþjónusta í stað óbyggðs svæðis. Þá er ljóst er að stóri hluti þess óbyggða svæðis sem skilgreint verður fyrir samfélagsþjónustu verður eftir sem áður óbyggt og nýtt sem útivistarsvæði.
Talið er að áhrif stækkunarinnar á samfélag verði mögulega jákvæð þar sem þörf á er leikskóla í hverfinu og út frá samgöngumálum og samlegðaráhrifum er staðsetning við Glerárskóla talin heppileg.
Ekki er talin ástæða til að skoða aðra staðsetningarmöguleika fyrir leikskóla þar sem fyrir er gert ráð fyrir leikskóla á svæði S27. Aðeins er verið að stækka svæðið til að aukið svigrúm sé fyrir staðsetningu leikskóla á svæði S27.




AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2018-2030
SÉRUPPDRÁTTUR
AKUREYRI - ÞÉTTBÝLI

STAÐSETNING BREYTINGAR

AÐALSKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGIÐ HEFUR MÁLSMEÐFERÐ SKV. 1. MGR. 36. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 VAR AUGLÝST FRÁ _______________ TIL _______________
VAR SAMÞYKKT Í BÆJARSTJÓRN ÞANN ___________________

_____________________________________________

BÆJARSTJÓRI AKUREYRAR

SAMÞYKKT AÐALSKIPULAGSBREYTINGARINNAR VAR AUGLÝST Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN_____________________

Grunnkort: Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrar

Myndmældur hæðarlínugrunnur

Hnitakerfi: Lambert

Hnattstaða: ÍSNET 93

Mælikvarði A3: 1:10.000

N

0 200 400 600 800 1000

Unnið fyrir: Skipulagssvið Akureyrarbæjar

Unnið af: Landslag ehf

LANDSLAG

Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030

Séruppdráttur - Akureyri - Þéttbýli

Breyting nr. 5:

Glerárskóli við Höfðahlíð

Dags: 8. ágúst 2019